

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Sporðagrunni.

1. gr.

Frá og með 9. mars 1993 eru allar veiðar með fiskibotn- og flotvörpu bannaðar á svæði á Sporðagrunni, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 66°50'N – 19°23'0V
2. 66°40'N – 19°23'0V
3. 66°36'N – 20°10'0V
4. 66°43'N – 20°08'0V
5. 66°50'N – 19°50'0V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 297, 12. september 1992, um bann við togveiðum á Sporðagrunni.

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. mars 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum vestan Hvalbakshalla.

1. gr.

Frá og með 9. mars 1993 eru allar veiðar með fiskibotn- og flotvörpu bannaðar á svæði vestan Hvalbakshalla, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 64°16'5 N – 12°57'7 V
2. 64°16'5 N – 12°40'5 V
3. 64°08'07 N – 13°02'68 V